

185  
22. nóv.

meira en 10% af fullgerðri vörunni. Í kjötfarsi, lifrakæfu og pylsum, sem eingöngu eru gerðar úr kjötfarsi, má það þó nema 40%. Í staðinn fyrir vatn má einnig nota mjólk.

6. Hangibjúgu (spegepylsur) og salamípylsur má lita með óskaðlegum litum. Óheimilt er að lita aðrar af þessum vörum. Þó er heimilt að lakka pylsur með óskaðlegu lituðu eða litlausu lakki, enda gangi það ekki inn í kjötið.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936 og ganga ákvæði hennar í gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

186  
22. nóv.

## AUGLÝSING

um nokkrar vörur úr fiski.

Um fiskbollur, fiskpylsur og fiskfars skulu gilda eftirfarandi reglur til bráða-  
birgða:

1. Fiskur, sem notaður er í framan greindar vörur, skal vera nýr, óskemmdur og hreinlega meðfarinn.
2. Til rotvarnar má eigi nota önnur efni en talin eru í 8. grein í almennum reglum nr. 49, 19. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
3. Nøta má krydd og kryddvörur til bragðbætis. Sama gildir um lauk og önnur svipuð efni, enn fremur smjör og annað feitmeti.
4. Sem bindiefni má einungis nota eggjarauðu eða eggjahvítu úr nýjum, óskemmdum eggjum og þurrmjólk. Enn fremur má nota mjól, grjón, kartöflur, kartöflumjól eða annað sterkjumjól eða brauð, enda sé ekki meira en 5% af sterkju í fullgerðri vörunni.
5. Óheimilt er að nota vatn við tilbúning á framan greindum vörum, nema óhjákvæmilegt sé vegna vinnslunnar, enda sé vatnsmagnið, er þannig bætist við, aldrei meira en 40% af fullgerðri vörunni. Í staðinn fyrir vatn má einnig nota mjólk.
6. Óheimilt er að lita þessar vörur.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og ganga ákvæði hennar í gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. nóvember 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*